

## Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Péttri Magnússyni, kr. 20.000,00 með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1951 til greiðsludags og kr. 2.100,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 4/1954.

**Sameinaðir verktakar og til vara Árni Snævarr, Einar Gíslason, Guðmundur Halldórs-son, Halldór H. Jónsson og Tómas Vigfússon**  
gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörns-son, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.**

Frávísunarkröfu hrundið.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 13. janúar þ. á. hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 6. s. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og dómkröfum stefnda um greiðslu skattskulda og dráttarvaxta í nefndu bæjarþingsmáli vísað frá dómi. Þá krefjast þeir og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Endanlega úrlausn á dómkröfum varnaraðilja á hendur sóknaraðilja ber að lögum undir dómstóla. Hefur frávísunarkrafa sóknaraðilja þess vegna ekki við rök að styðjast, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300,00.

## Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Sameinaðir verktakar, Árni Snævarr, Einar Gíslason, Guðmundur Halldórsson, Halldór H. Jónsson og Tómas Vigfússon, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 300,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. janúar 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 17. f. m., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. sept. sl., gegn Sameinuðum verktökum hér í bæ til viðurkenningar á skattskyldu stefnda samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1935 svo og til greiðslu skattskulda, að fjárhæð kr. 99.915,00, auk lögmæltra dráttarvaxta frá 1. september 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. *Til vara* krefst stefnandi þess, að stjórnarmenn stefnda, þeir Halldór H. Jónsson arkitekt, Ægissíðu 88, Árni Snævarr verkfræðingur, Laufásvegi 46, Tómas Vigfússon húsasm., Viðimel 57, Guðmundur Halldórsson húsasm., Bergstaðastræti 9, og Einar Gíslason málaram., Bergstaðastræti 12, allir hér í bæ, verði persónulega sameiginlega dæmdir til greiðslu framangreindra skattskulda auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr var greint.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfu stefnanda um viðurkenningu á skattskyldu hans. Stefndi hefur og krafizt þess, að kröfu stefnanda um greiðslu skattskulda og dráttarvaxta verði vísað frá dómi, en *til vara* hefur hann krafizt sýknu af þeim kröfuflið. Málskostnaðar krefst hann að skaðlausu, hvað snertir hvern einstakan kröfuflið og málið í heild.

Málið er nú flutt, að því er varðar frávísunarkröfu stefnda, og mótmælti stefnandi henni og krafðist málskostnaðar.

Í ágústmánuði 1951 héldu ýmsir verktakar hér í bæ og nágrenni með sér fundi, og varð að samkomulagi með þeim, að þeir stofnuðu samtök, er nefndust Sameinaðir verktakar (Associated Icelandic Contractors). Eftir samþykktum samtaka þessara (dskj. nr. 14) voru þau stofnuð í samráði við ríkisstjórnina með það fyrir augum að tryggja, að Íslendingar sæju um byggingarframkvæmdir varnarliðsins á Íslandi, og að tryggja þeim jafna aðstöðu, sem áhuga og tök hefðu á því að annast slíkar framkvæmdir. Meðal annarra ákvæða samþykktanna var það, að til samtakanna væri eigi stofnað í hagnaðarskyni, enda reki þau eigi atvinnu og aldrei geti orðið um eigna-

söfnun að ræða. Þá var og ákveðið, að reikningsár samtakanna skyldi vera frá 1. júlí ár hvert til jafnlengdar næsta árs á eftir.

Stefnandi telur, að starfsemi samtaka þessara hafi verið allmikil á árinu 1951 og hafi síðan farið vaxandi.

Samtök þessi töldu eigi tekjur sínar né eignir fram til skatts í ársbyrjun 1952, en skattstjórinn í Reykjavík áætlaði þeim því skatt sem hér segir: tekjuskatt kr. 40.950,00, eignarskatt kr. 1.635,00, tekjuskattsviðauka kr. 16.730,00 og stríðsgróðaskatt kr. 40.600,00, eða samtals kr. 99.915,00. Af hálfu stefnda var skattálagning þessi kærð til yfirsattanefndar, er staðfesti álagninguna með úrskurði, sem kærður var til ríkisskattanefndar. Með úrskurði, dags. 1. maí 1953, ákvað ríkisskattanefnd, að falla skyldu niður álagðir skattar, samtals kr. 99.915,00, þar eð hið stefnda fyrirtæki væri ekki félag í skilningi 3. gr. laga nr. 6 frá 1935. Stefnandi hefur eigi viljað una við þessa niðurstöðu og hefur því höfðað mál þetta, eins og fyrr greinir.

Stefndi styður kröfu sína um frávísun kröfu stefnanda um greiðslu skattskulda og dráttarvaxta við þá staðreynd, að ríkisskattanefnd hefur með fyrrnefndum úrskurði sínum fellt niður skyldur stefnda til að greiða tekjuskatt, eignarskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt fyrir skattárið 1951. Telur stefndi, að þar eð enginn skattur sé löglega á sig lagður fyrir skattárið 1951, beri að vísa frá dómi kröfu stefnanda um greiðslu slíkra skatta, og vísar í því efni til 2. mgr. 41. gr. laga nr. 6/1935.

Í fyrrnefndri málsgrein 41. gr. laga nr. 6 frá 1935 segir m. a.: „Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.“ Þegar af þeirri ástæðu leiðir það, að eigi er unnt að taka til greina kröfu stefnda um frávísun á kröfu stefnanda um greiðslu fyrrnefndra skatta og vaxta af þeim, en ákvörðun um málskostnað verður tekin í sambandi við efnisdóm í máli þessu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurðinn.

Uppsaga hans hefur dregizt nokkuð, og valda því annir við önnur dómsmál svo og þingleyfi um jólin.

#### Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.